

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/73/85

frá 5. febrúar 2010

um breytingu á ákvörðun 2009/719/EB um að heimila tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu

(tilkynnt með númeri C(2010) 626)

(2010/66/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrórnunar ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. b. í 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [áður smitandi heilahrórnun] í dýrum. Þar er gerð krafa um að hvert aðildarríki starfi eftir árlegri áætlun um vöktun á smitandi svampheilakvillum í samræmi við III. viðauka þeirrar reglugerðar. Þessar áætlanir skulu a.m.k. ná yfir tiltekna undirhópa nautgripa sem tilheyra tilgreindum aldursflokkum.
- 2) Í þeirri reglugerð er einnig kveðið á um að aðildarríki sem geta sýnt fram á framfarir að því er varðar faraldsfræðilegar aðstæður í landi sínu, í samræmi við tiltekna viðmiðanir, geti látið endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar.
- 3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/719/EB ⁽²⁾ er þeim aðildarríkjum, sem eru tilgreind í viðaukanum við þá ákvörðun, veitt heimild til að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar. Þar er einnig kveðið á um að áætlanir þeirra skuli gilda a.m.k. um öll dýr sem tilheyra tilteknum undirhópum nautgripa sem eru eldri en 48 mánaða.
- 4) Hinn 2. október 2008 lagði Kýpur umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun sinni að því er varðar kúariðu.
- 5) Frá 29. júní 2009 til 3. júlí 2009 framkvæmdi Matvæla- og dýraheilbrigðisráðgjafastofan skoðun á Kýpur til að sannreyna að faraldsfræðilegu viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 7. lið I. hluta A-kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, væru uppfylltar.

6) Í niðurstöðunum úr þeirri skoðun var viðurkennt að á Kýpur sé rétt staðið að framkvæmd reglnanna um verndarráðstafanir varðandi kúariðu, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001. Þar að auki voru yfirfarnar allar þær kröfur sem mælt er fyrir um í þriðju undirgrein 1. mgr. b í 6. gr. og allar faraldsfræðilegar viðmiðanir sem settar eru fram í 7. lið I. hluta A-kafla III. viðauka við þá reglugerð og reyndist Kýpur uppfylla þær allar.

7) Með tilliti til allra fyrirbyggjandi upplýsinga hefur umsóknin sem Kýpur lagði fram um að endurskoða árlega vöktunaráætlun sína að því er varðar kúariðu fengið jákvætt mat. Því er rétt að veita Kýpur heimild til að endurskoða árlega vöktunaráætlun sína þannig að 48 mánuðir verði ný aldursmörk fyrir kúariðuprófanir í því aðildarríki.

8) Því ber að breyta viðaukanum við ákvörðun 2009/719/EB til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMPÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2009/719/EB komi textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 35, 6.2.2010, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 6.10.2011, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 35.

VIÐAUKI„*VIÐAUKI*“**Skrá yfir þau aðildarríki sem hafa heimild til að endurskoða árlega vöktunaráætlun sína vegna kúariðu**

- Belgía
 - Danmörk
 - Þýskaland
 - Írland — Grikkland
 - Spánn
 - Frakkland
 - Ítalía
 - Kýpur
 - Lúxemborg
 - Holland
 - Austurríki
 - Portúgal
 - Slóvenía
 - Finnland — Svíþjóð
 - Breska konungsríkið“
-